

Bekkjafulltrúafundur haldinn þann 5.3.2018 í Hörðuvallaskóla Baugakór

Fulltrúar stjórnar: Arnar Björnsson, Freygerður Anna Ólafsdóttir, Halla Björg Evans, Linda Björk Hilmarsdóttir og Marta Sigurjónsdóttir formaður félagsins.

Bekkjafulltrúar: Fjöldi mætttra bekkjafulltrúar 28

Ritari: Freygerður Anna Ólafsdóttir

Efni fundarins: Upplýsa bekkjafulltrúa um starf stjórnar undanfarið, svara fyrirspurnum frá foreldrum og taka á móti ábendingum.

Skólalóðin

Kosningin í Okkar Kópavogur skilaði körfuboltavelli og hringrólum á lóð Hörðuvallaskóla við Baugakór. Einhverjar breytingar verða gerðar á skólalóðinni til þess að koma þessu fyrir en ekki liggur ljóst fyrir á þessari stundu hverjar þær breytingar verða. Fulltrúar foreldrafélagsins hafa fundað með aðilum er koma að skipulagningu skólalóðarinnar. Auk þeirra verkefna sem komu út úr Okkar Kópavogur hefur Hörðuvallaskóli fengið viðbótarfjárlutun. Mun hluti þess fjármagns fara í að gera endurbætur á skólalóð í Baugakór og setja upp aðstöðu til útivistar fyrir nemendur í Vallakór suðaustan við húsið.

Húsnæðismál

Áætlaður nemendafjöldi miðað við fjölda íbúða í hverfinu er um 1000 nemendur á komandi árum. Tvær nýja stofur verða teknar í notkun úti í Vallakór á hluta af því svæði sem nú er anddyri Kórsins á efri hæð. Bókasafn skólans í Baugakór verður fært út á gang og rýmið notað fyrir kennslustofur. Nemendur munu eftir sem áður hafa aðgang að stofu til þess að eiga rólega stund, geta sest niður og lesið. Bókasafnið verður að öllum líkindum fært á það svæði sem nú er göngubrú yfir aðalinngangi skólans.

Bekkjarkvöld

Félagsmiðstöðin Kúlan er meðal annars starfrækt á mánudags- og miðvikudagskvöldum. Til þess að léttu á stjórn foreldrafélagsins með opnanir á húsinu er mælt til þess að bekkjarkvöld verði haldin þessa daga vikunnar umfram aðra daga, sérstaklega þegar ætlunin er að nota bekkjastofu. Stjórn er þó boðin og búin að koma að opna skólann fyrir bekkjafulltrúum ef þessir dagar henta með engu móti.

Fyrirspurnir og ábendingar

Svellmyndanir hafa verið miklar á lóðinni í vetur og úrlausnir til að stuðla að öryggi barna ekki verið nógu örar.

- Þetta hefur verið rætt með skólastjórnendum og starfsmönnum bæjarins. Þetta er erfitt viðureignar en verið er að reyna að finna úrlausnir.

Foreldrar nýta sér bil inni á skólalóð við hringtorg og keyra inn á lóðina sem skapar hættu.

- Þetta hefur verið rætt með skólastjórnendum og verður bilinu lokað með slá til þess að tryggja örugga aðkomu sjúkraf lutningamanna. Jafnframt verða gerðar umferðalokanir við undirgöng Tröllakórsmegin þar sem einnig hefur orðið vart við umferð bíla þar.

Þær viðbætur og breytingar sem nú þegar hafa verið gerðar vegna húsakosts hafa alltaf farið langt fram úr áætlunum. Ónæði af framkvæmdum á skólatíma er mikið. Er hægt að tryggja með einhverjum hætti að farið verið eftir tímalínu og að áætlanir standist ?

- Stjórn hefur fram til þessa verið dugleg að ýta á þegar verk taka lengri tíma en áætlanir gerðu ráð fyrir. Ábyrgðin liggur hjá verktökum og undirverktökum. Til þess að mæta þessu ástandi hefur stjórn óskað efir að beitt verði dagsektum vegna seinkana á fyrirbyggjandi verkefnum við að útbúa skólastofur og setja upp leiktæki á skólalóð.

Ef foreldri telur að kennari sé ekki að gera námsmat með réttum hætti hvert getur foreldri leitað?

- Hægt er að leita til deildarstjóra, aðstoðarskólastjóra og skólastjóra.

Bæta mætti upplýsingaflæði um stöðu nemenda og hafa það jafnt og þétt yfir allt árið.

- Með nýju námsmati á að vera hægt að nálgast tímanlegar upplýsingar um niðurstöðu prófa og verkefna í gegnum Mentor.

Gott væri að fá ábendingar um hvaða viðburði hægt er að gera með auðveldum hætti fyrir stóran hóp nemenda.

- Bekkjafulltrúar fá að öllu jöfnu tölvupóst með tillögu að viðburðum. Það gæti hafa gleymst þetta árið og verða gerðar úrbætur hið fyrsta. Marta kom með tillögu að því að stofnuð yrði fésbókarsíða fyrir bekkjarfulltrúa þar sem þeir gætu sótt sér upplýsingar og lært/fengið ábendingar hver frá öðrum. Fékk tillagan góðan hljómgrunn og mun það vera gert. Bekkjafulltrúar fá senda til sín slóð á hópinn.

Á stefnumótunarfundi kom fram tillaga um að nýta skólalóðina til útikennslu, er verið að vinna í því eða er hægt að taka þá tillögu eitthvað áfram?

- Ekki hefur verið horfið með öllu frá þessum hugmyndum og spurning hvað vinna við skipulagningu skólalóðar hefur í för með sér. Mögulega gæti þetta komið þar inn.

Eftirfarandi ábendingum verður komið til skólastjórnenda:

- Húsnæðið í Baugakór lekur og er mikil þörf á viðhaldi á ýmsum stöðum í byggingunni.
- Upplifun foreldra er að kennarar séu sumir hverjir óöryggir um hvernig nýtt námsmat eigi að fara fram og hafi ekki fengið nægjanlega kennslu.
- Námsmat virðist ekki gefa skýra mynd af stöðu nemenda og er myndin teiknuð fallegrri upp en hún í raun og veru er.
- Erfitt er að útskýra námsmat fyrir yngri nemendur og orðfærið sem er notað flókið og óþjálmt.
- Bæta mætti kynningu á námsefni, halda fund þar sem allar námsgreinar eru kynntar, fara yfir þær aðferðir sem nota á við að koma námsefninu til skila, kynna þróunarverkefni, námsmat og þessháttar. Skólaboðunardagur skilar litlu.
- Kynning á námsmati til foreldra á öðru formi en gert var, jafnvel kynning frá menntastofnun.
- Tengja má markmið betur við það sem nemendur eru að gera.
- Kennsluáætlanir mættu koma fyrr inn.
- Skólinn ætti að koma meira að því sjálfur að stuðlað sé að bekkjarstarfi.
- Ekki er eftirfylgni með samræmdum prófum. Það er niðurstaða þeirra hefur ekki í för með sér að gripið sé til sértækra aðgerða til að bæta þekkingargöt.
- Ekki er að finna nægar upplýsingar á heimasíðu skólans. Horfa mætti til heimasíðu Árbæjarskóla eða Garðaskóla en þær síður hafa foreldrar nemenda við Hörðuvallaskóla verið að nýta sér til þess að afla gagna.
- Starfsmenn skólans ættu að koma meira að því að finna bekkjafulltrúa, í Vatnsendaskóla er það í höndum kennara.
- Erfitt er fyrir foreldra að fara úr vinnu fyrir fundi í skólanum og ætti að miða að því að hafa þá seinnipartinn eða koma upplýsingum til foreldra með öðrum hætti.

- Í Áslandsskóla sjá umsjónarkennarar um kaffihúshitting fyrir áramót og stýra umræðum foreldra í byrjun. Á vorönn sjá svo bekkjarfulltrúar um samskonar hitting og stýra þá umræðum í upphafi.
- Fram kom að ánægja væri með fyrirkomulagið á matnum sem er í boði fyrir nemendur.

Fundi slitið.